

- 121** 3. Fastir leikarar Þjóðleikhússins tilnefna einn mann.
 15. sept. 4. Íslenzkir rithöfundar, allir þeir sem félagar eru í almennum samtökum þeirra, tilnefna einn mann.
 5. Stofnendur sjóðsins, og síðan niðjar þeirra, tilnefna einn mann.
 Ekki má velja þann mann í dómnefnd, sem hefur að einhverju leyti umráð eða framkvæmd á dagskrá útvarpsins.
 Falli niður val á manni í dómnefndina, tilnefnir dómnefndin sjálf mann í staðinn.

7. gr.

Dómnefnd kys sér ritara. Hún skráir greinilega tillögur um heiðursverðlaun, úrskurði sína og annað það sem starf hennar varðar. Dómnefnd setur sér skráðar reglur eftir að fara í starfi sínu og leitar samþykkis menntamálaráðuneytisins um þær reglur og breytingar á þeim.

Dómnefnd getur, ef henta þykir, sett reglur um skipulag á tilnefning dómnefndarmanna eftir 3.—5. lið 6. greinar.

8. gr.

Setja skal sérstakar reglur, óháðar öðrum starfsreglum, til leiðbeiningar um mat dómnefndar á meðferð máls og atkvæða í einstökum atriðum, hvað fegurst megi telja, eða réttast, og hvað miður æskilegt. Þessar reglur skulu háðar mati dómnefndar hverju sinni, en bornar undir álit heimspekideildar háskólans, svo oft sem hæfa þykir.

Slíkar reglur mega í engu raska ákvæðum 4. greinar, né þröngva sjálfsögðu frelsi tungunnar.

9. gr.

Dómnefnd tekur í móti rökstuddum tillögum um veiting heiðursverðlauna; þó ekki tillögum sem augljóst má vera að safnað hafi verið undirskriftum að.

10. gr.

Afl atkvæða ræður úrskurði dómnefndar. En hver einn dómnefndarmanna hefur synjunaratkvæði, eftir bókaðri kröfu sinni, um veiting einstakra heiðursverðlauna, en þó enginn nema eitt sinn gegn sama manni. Ekki má heldur beita slíkri synjun að nýju, þó að skipt verði um dómnefndarmann af þeim aðila sem tilnefnir.

11. gr.

Heiðursverðlaun skal að jafnaði veita þannig:

1. Gullpening, einn, hið þriðja hvert ár. Engin önnur verðlaun skal veita það ár sem gullpeningur er veittur.
 Nú ef dómnefnd telur ekki rétt að veita gullverðlaun eitthvert ár, skal hún veita silfurverðlaun með venjulegum hætti. Ber þá ekki að veita gullpening fyrr en hið þriðja ár þar frá, að rétttri tiltölu.
2. Silfurpening, einn, hver tvö ár (sbr. 1. lið). Dómnefnd er heimilt að veita tvo silfurpeninga hið sama sinn, ef henni þykir sérstök ástæða til. Svo getur dómnefnd og hin fyrstu tvö skipti veitt fleiri heiðursverðlaun úr silfri en hér segir.
3. Bronspening, einn eða tvo, samtímis silfurpeningi. Dómnefnd er heimilt að láta hjá líða veiting bronspenings.
 Heiðursverðlaun skal veita hinn 5. nóvember hvert ár, nema atvik hindri.